

## Heilsueflandi stefna Seyðisfjarðarskóla

**Skilgreining:** Heilsa er hugtak sem nær til líkamlegar, andlegrar og félagslegrar velsældar og taka skal mið af þeim þáttum í öllu skólastarfi.

**Kjarni:** Í öllu skólastarfi skal leita allra leiða til að tryggja að nemendur öðlist þekkingu á mikilvægi góðrar heilsu og vellíðan, þeir hvattir til að ástunda heilsueflandi lífarni og skulu þeir njóta kennslu sem hefur forvarnagildi. Til þess að ná sem bestum árangri í heilsueflandi starfi með nemendum er mikilvægt að góð samvinna sé á milli skólans og foreldra og skólans og nærsamfélags.



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Stýrihópur heilsueflandi skóla eru stjórnendur á hverri deild skólans sem og fulltrúar Skólaráðs.

### Mismunandi atriði verða skoðuð eftir árum

Gátlistar skólaár	Grunnskóladeild	Leikskóladeild
2018-2019	Starfsfólk	Starfsfólk / lífsleikni
2019-2020	Nemendur, Hreyfing og Öryggi	Hreyfing og öryggi
2020-2021	Heimili	Fjölskyldan
2021-2022	Nærsamfélag	Nærsamfélag
2022-2023	Mataræði/ Tannheilsa	Mataræði/Tannheilsa
2023-2024	Geðrækt	Geðrækt
2024-2025	Lífsleikni	Lífsleikni/Geðrækt
2025-2026	Starfsfólk	Starfsfólk /lífsleikni

### Skólastefnan sjálf er auk þess heilsueflandi

#### Í skólastarfi Seyðisfjarðarskóla er stefnt að því að:

- Nám og velferð nemenda sé höfuðmarkmið með öllu skólastarfi því að nemendur eru í öndvegi í skólastarfinu.
- Nám nemenda einkennist af þátttöku þeirra, ábyrgð, sköpun, jafnrétti og kennslu sjálfbærni.
- Virkja áhuga nemenda til náms með krefjandi og fjölbreyttum viðfangsefnum við hæfi.
- Nemendur geti unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra.
- Unnið sé af metnaði og stefnt að framúrskarandi árangri en ekki á kostnað gleðinnar og samhygðarinnar.

### **Því er mikilvægt að nemendur, kennarar og annað starfsfólk:**

- Setji sér markmið og hafi trú á að hægt sé að ná þeim!
- Ástundi vönduð, lausnamiðuð og fjölbreytt vinnubrögð.
- Gleðjist yfir árangri, tækifærum til náms og njóti verkefnanna.
- Temji sér virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- Hafi öll samskipti jákvæð og góð, - að hlæja saman, hrósa, hvetja og rýna til gagns er það sem við gerum!
- Muni að allir gera mistök, þau eru einstök tækifæri til að læra af.
- Hafi hugfast að vellíðan og virkni er lykill að árangri okkar við leik og störf.

### **Þar fyrir utan leggjum við í Seyðisfjarðarskóla áherslu á:**

- Gott samstarf milli heimila og skóla - upplýsingagjöf og virkt samtal er þar nauðsynlegt.
- Virk tengsl við aðra aðila sem starfa með börnum hér í bænum og ýmsar stofnanir í nágrenni skólans.

### **Til að ná því fram er meðal annars mikilvægt að**

- Heilsuefling, forvarnir og jákvæð viðhorf til starfs í Heilsueflandi skóla sé álitinn stór þáttur skólastarfsins af öllum sem koma að kennslu og öðru skólastarfi.
- Huga vel að uppbyggingu dagskipulags stundaskráa og áætlana með heilsueflandi markmið í huga
- Aðstaða og aðbúnaður nemenda og starfsfólks sé í góðu lagi
- Ástunda lýðræðisleg vinnubrögð og upplýsingagjöf innan stofnunar og milli heimilis og skóla.
- Starfsfólk skólans sé gert meðvitað um þær áætlanir sem eru í gildi og fari að þeim.
- Starfsfólk þekki hlutverk sitt í lærdómssamfélagi og vinni samkvæmt því, *m.a. eru kannanir nýttar til að bæta skólastarfið.*
- Heilsueflandi gátlistar skili sér í bættu starfi með nemendum

### **Í skólanum er**

- Horft til styrkleika hvers og eins.
- Regluleg hreyfing og útivera ríkur þáttur af daglegu skólastarfi, á öllum skólastigum.
- Tekið þátt í verkefnum sem styrkja nemendur og starfsfólk til góðrar heilsu.
- Börnum og starfsfólki boðið upp á hollar og staðgóðar máltíðir og millibita.
- Nemendum gefinn kostur á að taka þátt í undirbúningi máltíða og gerð matseðils.
- Reynt af fremsta megni að tryggja að starfsfólk og nemendur búi við heilnæmt, upplífandi starfsumhverfi

- Forvarnafræðsla virk í öllum bekkjum og deildum skólans.
- Einelti ekki liðið og vinna skal samkvæmt Olweusaráætlun, m.a. eru bekkjarfundir vikulegir í öllum námshópum.
- Leitast við í öllu starfi að aðstoða nemendur við að finna styrkleika sína og þroska þá.
- Leitað leiða til að tryggja að skoðanir nemenda hafi vægi í ákvörðunartöku um það er varðar málefni þeirra.
- Lítið svo á að fjölbreytileiki sé af hinu góða.
- Velliðan og árangur nemenda í fyrirrúmi í öllu skólastarfi.